

46. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 03.10 2017, kl. 13.30

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnþórunn Ingólfadóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Eiríkur J. Kjerúlf boðaði forföll og Gunnar Gunnarsson 1 varamaður , kemur í hans stað.

Oddviti óskaði eftir að taka inn á dagskrá heimsókn félagsmálastjóra. Það var samþykkt .

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Heimsókn félagsmálastjóra
3. Undurbúningur fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps 2018
4. Fjarskipti, ljósleiðari nýlögn.
5. Félagsþjónusta , niðurgreiðsla vegna heimkeyrðra matarbakka.
6. Aðalfundur HAUST 2017
7. Bréf
 - a) Umhverfisstofnun dags. 19.09
 - b) Fljótsdalshérað, tölvupóstur dags. 06.09 2017
 - c) Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson dags. 05.09 2017
8. Fundargerðir
 - a) Ársalir 20.09
 - b) Félagsmálanefnd 19.09
 - c) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 18.09
 - d) HAUST 06.09
 - e) 3. fundur um gerð sameiginlegrar húsnæðisáætlunar fyrir Austurland 07.09
 - f) Minjasafn Austurlands 05.09
9. Önnur mál.
 1. Skýrsla oddvita.

Fulltrúar frá Viðlagatryggingu Íslands litu við í Fljótsdal 1. október og kynntu sér staðhætti og flóðasvæði. Varðandi tjón sem íbúar og bændur kunna að hafa orðið fyrir í vatnsflóði því sem reið yfir sveitina miðvikudaginn 27. september, vildu þau koma á framfæri að þeir sem teldu sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni , ættu að senda inn tilkynningu um tjón sem fyrst, þótt umfang

tjóns lægi e.t.v. ekki fyrir strax. Hægt er að tilkynna um tjón með því að hafa samband á skrifstofu Viðlagatryggingar , en líka með því að senda inn rafræna tilkynningu sem er að finna á heimsíðu Viðlagatryggingar www.vidlagatrygging.is, í gegn um ÍSLAND.IS.

Viðlagatrygging vát tryggir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara og falla flóðin á Austfjörðum síðustu daga undir þá skilgreiningu. Allar brunatryggðar fasteignir og lausafé njóta váttryggingarverndar Viðlagatryggingar. Að auki njóta váttryggð mannvirki í eigu opinberra aðila sem tilgreind eru í lögum um Viðlagatryggingu váttryggingaverndar. Ljóst er að í flóðinu hefur orðið tjón á búfénaði og ræktarlandi o.fl. Ræktarlandið en ekki tryggt en þeir sem hafa sérstaka landbúnaðartryggingu geta fengið bætur fyrir búfénað sinn.

Einhverjir tugir fjár í Fljótsdal drukknaði í fljóðinu 27. sept. og skemmdir urðu á vegum , girðingum og ræktuðu landi. Í flóði í Kelduá laugardaginn 23. september fóru rafmagns og ljósleiðarastrengur í sundur. Rarik er að fara í framkvæmdir við að plægja niður nýjan rafmagnsstreng og leggur Fljótsdalshreppur jafnhliða ljósleiðara. Er vonast til að rafmagns og netsambandsmál í Suðurdal verði komin í lag fyrir helgi.

Anna Jóna og oddviti sátu fund í Végarði 11. september , fundurinn var hluti af sjálfbærniúttekt Fljótsdalsstöðvar. Oddviti sat aðalfund SSA á Breiðdalsvík 29-30. september, einnig fund um rafhleðslustöðvar á Egilsstöðum 6. september, fund um sameiginlega húsnæðisáætlun fyrir Austurland, á Egilsstöðum 7. september. Þá sat oddviti ásamt húsverði Végarðs kynningu um Eldvarnarbandalagið, fundurinn var Egilsstaðaskóla 28. september og sama dag sat oddviti fund á vegum almannavarna .Þá er hópavinna vegna svæðisáætlunarvinnu komin af stað og sat oddviti fund 27. sept.

Aðildarsveitarfélög Brunavarna á Austurlandi skrifuðu undir samning um auknar eldvarnir við Eldvarnarbandalagið á Egilsstöðum 28. september. Í framhaldi af undirritun hefst innleiðingarvinna og verða sveitarfélögin m.a. beðin um að tilnefna hjá sér eldvarnarfulltrúa.

Vinna við endurbætur á stíg að Hengifossi stendur yfir og miðar vel áfram, þá daga sem vinnufært er vegna úrkomu. Ferðamannkomum á staðnum fækkaði mjög þegar vegir lokuðust á Suðausturlandi vegna flóða. Hönnuður og verkhönnuður eru væntanlegir austur 5. okt til að skoða framkvæmdir og skipuleggja áframhald.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga er haldin í Rvk 5.- 6. október ársfundur Jöfnunarsjóðs 4. Október

Rit sem borist hefur: Vistgerðir á Íslandi. Náttúrfræðistofnun Íslands gefur það út.

2. Heimsókn félagsmálastjóra

Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri kom til fundar kl .14.00.

Júlía ræddi um það sem hún nefndi sænska kerfið og gengur út á samþættingu félagsþjónustuaðila og skóla í teymisvinnu , inn í skólunum. Markmið með vinnunni væri að spara fjármagn , veita betri þjónustu og styðja við fjölskyldur. Júlía hefur áhuga á að innleitt verði svipað kerfi á svæði Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og telur að það gæti mögulega orðið að veruleika næsta haust. Góðar umræður urðu um málefnið þar sem m.a. var velt upp þeirri spurningu hvert yrði hlutverk Skólaskrifstofu Austurlands, ef af slíkri innleiðingu yrði ?

Júliu var þökkuð koman og yfirgaf hún fundinn kl. 14.40

3. Undurbúningur fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps 2018.

Oddviti fór í gegnum drög að fjárhagsáætlun næsta árs og rætt var um liði og skuldbindingar sem settar eru niður í áætlunardrögunum.

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði óbreytt frá fyrra ári 13.20 %, sorpgjald og rotþróargjald sömuleiðis óbreytt. Álagningarprósentur fasteignaskatts verða áfram 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65% C flokkur. Samþykkt að veita styrki til ÚÍA, Ungmennafélagsins Þrists og unglिंगastarfs hestamannafélagsins Freyfaða svo sem verið hefur og að að frístundastyrkir verði áfram veittir og verði 15.000,- kr. fyrir hvern einstakling.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2018 og hækki um kr. 5.000,- per önn.

Sveitarstjórn samþykkir að breyta fyrirkomulagi varðandi umhverfisstyrki sem veittir hafa verið og koma á umhverfis- og verkefnastyrkjum upp á allt að eina milljón króna á lögbýli með lögheimilisfestu, fyrir árið 2018, meðal annars til að mæta tekjutapi sauðfjárbænda. Gert verði ráð fyrir styrkgreiðslum skv. því í fjárhagsáætlun næsta árs. Oddvita falið að vinna nánari útfærslu fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Þá felur sveitarstjórn oddvita að vinna drög að stefnu Fljótsdalshrepps um stuðning við íbúa með lögheimili í hreppnum sem kjósa að afla sér frekari menntunar.

Sveitarstjórn felur oddvita að taka saman minnisblað með sundurliðun á leigutekjum Félagsheimilisins Végarðs og leggja fram á næsta fundi, sveitarstjórn til upplýsingar.

Stefnt er að því að fjárhagsáætlun 2018 verði til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar í byrjun nóvember.

4. **Fjarskipti, ljósleiðari nýlagn.** Samþykkt að leggja ljósleiðara með nýjum jarðstreng RARIK úr Múla og yfir í Víðivelli II, u.þ.b.k 2ja km leið. Viðauki verður gerður við fjárhagsáætlun þegar kostnaður liggur fyrir. Framkvæmdin er til komin vegna skemmda á strengjum í flóði í Kelduá 23. sept.
5. **Félagsþjónusta, niðurgreiðsla vegna heimkeyrðra matarbakka.** Samþykkt að halda óbreyttri niðurgreiðslu 550 kr matarbakkann, verður endurskoðað ef þörf er talin á.
6. **Aðalfundur HAUST 2017.** Fundurinn verður haldinn á Vopnafirði 1. nóvember kl 14.00. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og til vara verður varaoddviti.
7. **Bréf**
 - a) Umhverfisstofnun dags. 19.09. Umsögn. Varðar lagfæringar á göngustíg við Hengifossá.

- b) Fljótsdalshérað, tölvupóstur dags. 06.09 2017. Bæjarstjórn býður til fundar til að kanna grundvöll fyrir auknu samstarfi á fleiri sviðum meðal sveitarfélaga á starfssvæði Félagsþjónustu Fljótsdalshéraði en nú er þegar í gangi, með hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna í huga. Fundurinn verður haldinn á Hótel Héraði , Egilsstöðum , miðvikudaginn 11. Október , kl. 10.00. Oddviti hefur fyrir hönd sveitarstjórnar svarað fundarboðinu jákvætt. Stefnt er að því að 3-5 sveitarstjórnarmenn frá Fljótsdalshreppi sitji þennan fund.
- c) Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson dags. 05.09 2017. Í bréfi Önnu og Hallgríms er kvartað yfir meðferð oddvita á ráðningu skólabílstjóra fyrir skólaárið 2017-18 og óskað skýringa á breytingum á skólaakstri. Vísað er til bókunar sveitarstjórnar frá fundi 05.09 þar sem meirihluti sveitarstjórnar telur að málsmeðferð oddvita hafi ekki að öllu leyti verið til fyrirmyndar. Oddvita falið að svara bréfinu í samráði við sveitarstjórn.

Oddviti óskaði eftirfarandi bókunar.

Að ferill við ráðningu skólabílstjóra í Fljótsdal fyrir skólaárið 2017/2018 hafi ekki verið frábrugðinn því sem tíðkast hefur. Mál þessi hafa verið á hendi oddvita og samið við verktaka um aksturinn eitt skólaár í senn, eftir eða án auglýsingar. Við tilhögun hefur verið gætt að fjárhagslegri hagkvæmni og að akstursleiðir skólabarna í skóla og heim væru sem stýstar . Gerðar eru kröfur um réttindi bílstjóra til slíks aksturs og að skólabíll henti hlutverkinu. Varðandi mál er kom upp í skólaakstri s.l. skólaár , viðurkennir oddviti að betra hefði verið að upplýsa sveitarstjórn fyrr um það mál.

8. Fundargerðir

- a) Ársalir 20.09. Kynnt.
- b) Félagsmálanefnd 19.09. Kynnt.
- c) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 18.09. Það bárust þrjár umsóknir til sjóðsins og samþykktar tvær umsóknir sem aðalstyrkhæf verkefni og ein umsókn hlýtur aukastyrk.
- d) HAUST 06.09. Kynnt.
- e) 3. fundur um gerð sameiginlegrar húsnæðisáætlunar fyrir Austurland 07.09. Kynnt.
- f) Minjasafn Austurlands 05.09. Kynnt.

9. Önnur mál.

- a) Samþykkt að taka aukafund í sveitarstjórn þegar kjörskrárstofn fyrir væntanlegar alþingiskosningarnar liggur fyrir.
- b) Bændum /jarðareigendum í Fljótsdal sem telja að tjón hafi hlotist á eignum þeirra í vatnsflóði í síðustu viku er bent á að kynna sér möguleika á bótum hjá Viðlagatryggingu Íslands og Bjargráðasjóði.

- c) Oddviti kynnti minnisblað frá fundi á Reyðarfirði þar sem til umræðu voru hugmyndir um Háskólasetur Austfjarða , tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar um stjórnarfyrríkomulag og tengsl SSA og Austurbrúar og skipan í starfshóp vegna skoðunar á jarðgangakostum á Mið- Austurlandi. Tveir síðustu liðirnir höfðu ekki verið kynnti í fundarboði og komu fram athugasemdir við það á fundinum á Reyðarfirði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.30

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)